

38

1. maí

Endurbyggingarsjóðir útihúsa eru séreign hvers prestakalls undir umsjón biskups. Þá skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Gilda um þá og greiðslur úr þeim öll hin sömu ákvæði og um fyrningarsjóði prestssetra, eftir því sem við á. Núverand „fyrningarsjóðir peningshúsa“ samkv. lögum nr. 63 1931 skulu afhentir biskupi þegar er lög þessi koma til framkvæmda, og renna þeir inn í endurbyggingarsjóði útihúsa prestssetrana.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 8. sept. 1931, um hýsingu prestssetra, svo og önnur þau ákvæði, er koma kunna í bága við þessi lög.

30. gr.

Lög þessi skulu koma til framkvæmda 1. júní 1947.

Gjört í Reykjavík, 1. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Eysteinn Jónsson.

39

1. maí

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarhreppi
jörðina Hringverskot í Ólafsfirði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafsfjarðarkaupstað kirkjujörðina Hringverskot í Ólafsfirði. Námaréttindi skulu þó undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Eysteinn Jónsson.